

84. fundur

## Skólaráðsfundur miðvikudagur 21. október 2020

Fossvogsskóli kl. 8:30

**Mætt:** Karl og Agnar fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Ýr og Árni Freyr skólastjórnendur.

**Fundarritari:** Árni

**Efni fundar:**

- Fundargerð síðasta fundar
- Starfsáætlun
- Húsnæðismál skólans
- Hlutverk skólaráðs
- Önnur mál

### Samþykkt fundargerðar

Fundargerð síðasta fundar lesin og hún samþykkt.

### Starfsáætlun

Skólastjóri kynnti Starfsáætlun Fossvogsskóla 2020-2021 sem kynnt verður kennurum í komandi viku. Umræður voru um áætlunina, m.a. um nýtt skipurit. Þá var fjallað um hvort ætti að uppfæra stefnukort skólans.

### Húsnæðismál skólans

- Alþrif hafa farið fram tvisvar sinnum í skólanum en þrifa á húsið í þriðja skiptið um komandi helgi. Einnig verða loftristar í Austurlandi þrifnar.
- Vantraust virðist vera meðal foreldra til Umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar (USK) um viðgerðir á húsnæði skólans. Rætt var um að mögulega væri hægt að fá óháðan aðila til að meta það sem búið er að gera og taka þátt í framhaldinu.
- Umræður voru áfram um húsnæðismál skólans og bentu fulltrúar foreldra á að mikilvægt væri að talað væri um þessi mál en ekki farið í feluleik með þau. Tekið var undir það og benti skólastjóri á að mikilvægt væri að samtalið væri gagnvirk og virðingar væri gætt. Rætt var um veikindi nemenda vegna vandamála í húsnæðinu. Það verður að koma því í lag svo nemendum líði vel í skólanum.
- Mikill tími skólastjórnenda fer í húsnæðismálin. Skólastjóri mun viðra það við SFS að annar aðili komi að samskiptum á milli USK og foreldra vegna húsnæðivanda skólans.
- Dagsetning á fyrirhuguðum sýnatökum verður líklega um miðjan nóvember.

### Hlutverk skólaráðs

- Farið var yfir hlutverk skólaráðs og ítrekað að fullur trúnaður ríki á fundum þess.

Næsti fundur er 18. nóvember kl. 8:30.